

## KERFISÁÆTLUN LANDSNETS

### Ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskyldu

Skipulagsstofnun hefur til málsmeðferðar vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaða Blöndulínu 3 sem Landsnet hf. hefur í hyggju að reisa frá Blöndustöð til Akureyrar, í Húnavatnshreppi, Sveitarfélaginu Skagafirði, Akrahreppi, Hörgársveit og Akureyrarbæ, sbr. 22. tl. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Frummatsskýrsla vegna fyrirhugaðrar Blöndulínu 3 var auglýst til kynningar frá 21. mars til 3. maí 2012. Í einni athugasemd sem barst við frummatsskýrsluna, er þess m.a. farið á leit við Skipulagsstofnun að tekin verði til umhverfismats samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana, kerfisáætlun Landsnets hf. skv. 5. tl. 2. mgr. laga nr. 65/2003.

Skipulagsstofnun sendi bréf, dags. 14. júní 2012, til ráðgjafa Landsnets, Mannvits hf. vegna framangreindrar athugasemdar, þar sem sett eru fram svör stofnunarinnar við þeim atriðum athugasemdarinnar sem var beint til Skipulagsstofnunar. Þar kom m.a. fram að það væri niðurstaða Skipulagsstofnunar að þar sem kerfisáætlun Landsnets væri ekki samþykkt af stjórnvaldi, uppfyllti hún ekki þriðja skilyrðið fyrir beitingu ákvæðisins og félli þ.a.l. ekki undir gildissvið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Þeir aðilar sem gerðu umrædda athugasemd kærðu niðurstöðu Skipulagsstofnunar til umhverfisráðuneytisins, með bréfi dags. 15. júlí 2012. Ráðuneytið vísaði erindinu frá á þeim grundvelli að Skipulagsstofnun hefði ekki tekið formlega ákvörðun í málinu. Í bréfi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til Skipulagsstofnunar, dags. 17. september 2012, beindi ráðuneytið því til stofnunarinnar að taka málið til afgreiðslu og taka ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Landsnets, með bréfi dags. 2. október 2012, um hvort kerfisáætlun fyrirtækisins, fimm ára áætlunin eða langtímaáætlunin, falli undir gildissvið laga um umhverfismat áætlana. Umsögn barst frá Landsneti hf. dags. 16. október 2012, þar sem fyrirtækið rökstyður þá skoðun sína að kerfisáætlun Landsnets falli ekki undir lög um umhverfismat áætlana.

#### Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Kerfisáætlun Landsnets er tvíþætt og inniheldur annarsvegar kerfisáætlun fyrir árin 2012-2016 og hinsvegar um áætlaða þróun flutningskerfisins til ársins 2026 en kerfisáætlunin er gerð á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005.

Til þess að áætlun falli undir gildissvið 3. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þarf áætlun uppfylla þrjú skilyrði, í fyrsta lagi að marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem skilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, í öðru lagi að vera undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum og í þriðja lagi unnin samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Skipulagsstofnun er ljóst að kerfisáætlunin er unninn skv. raforkulögum og reglugerð byggðri á þeim lögum, en áætlunin er ekki undirbúin af stjórnvöldum og uppfyllir þar af leiðandi ekki annað skilyrði 3. gr. laga um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort Landsnet sé stjórnvald, það sem skiptir frekar máli er að kerfisáætlunin er ekki samþykkt af stjórnvaldi skv. 1. mgr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Greinargerð með frumvarpinu til umhverfismats áætlana útskýrir ekki nákvæmar en lagatextinn hvað átt er við með öðru og þriðja skilyrðinu sem tilgreind eru í 3. gr., en þau eru hinsvegar nánar útskýrð í greinum 3.14, 3.15, og 3.16 í leiðbeiningum EB með tilskipuninni. Þar segir að með orðasambandinu „að vera undirbúin og/eða samþykktar af stjórnvöldum“, (e. which are subject to preparation and/or adoption by an authority for adoption, through a legislative procedure by Parliament or Government) sé lögð áhersla á að áætlun þurfi að uppfylla ákveðnar formkröfur og að áætlunin skuli ávallt vera endanlega afgreidd/samþykkt af stjórnvaldi (e. authority). Með því er átt við lögformlegt ferli áætlunar, frá undirbúningi til samþykktar og nefnt sem dæmi löggjafarmeðferð á þingi eða í ríkisstjórnsumra aðildarríkjanna, en geti einnig átt við afgreiðslu áætlunar á öðru stjórnsýslustigi, t.d. sveitarstjórnarstigi. Þrátt fyrir að í raforkulögum sé kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli sjá til þess að fyrir liggja spá um raforkubörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins þá er þar ekki að finna ákvæði um samþykkt raforkuspárinnar eða að hún hafi áhrif á ákvarðanatöku á síðari stigum.

Þrátt fyrir að í kerfisáætluninni sé fjallað um framkvæmdir sem falla undir viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þá getur áætlunin aldrei falið í sér viðmið eða skilyrði sem hefur áhrif á ákvarðanatöku svo sem um skipulag og framkvæmdir, þar sem að áætlunin er ekki samþykkt af stjórnvöldum. Í ljósi þess telur Skipulagsstofnun að kerfisáætlunin uppfylli ekki heldur fyrsta skilyrði laga um umhverfismat áætlana, þ.e. áætlunin marki stefnu um leyfi til framkvæmda.

Það er því mat Skipulagsstofnunar að kerfisáætlun Landnets hf. uppfylli ekki þau skilyrði 3. gr. laga um umhverfismat áætlana sem fela í sér að áætlanirnar skuli vera undirbúin og samþykktar af stjórnvaldi eða marki stefnu um leyfi til framkvæmda.

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar er sú að hvorki kerfisáætlun Landsnets 2012-2016 né langtímaáætlun til 2026 falli undir gildissvið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Kærufrestur til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er einn mánuður frá birtingu tilkynningar um ákvörðun stofnunarinnar.

Reykjavík 13. nóvember 2012

  
Erna Hrönn Geirsdóttir